

Nd.

31. Frumvarp til laga

[31. mál]

um lántöku vegna Siglufjarðarveggar ytri (Strákavegar).

Flm.: Skúli Guðmundsson, Gunnar Jóhannsson, Björn Pálsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka lán, allt að 15 millj. kr., til þess að greiða kostnað við lagningu Siglufjarðarveggar ytri (Strákavegar), og verði við það miðað, að vegargerð þessari verði lokið á árinu 1964.

2. gr.

Lán það, er tekið verður samkv. 1. gr., skal endurgreitt af árlegum fjárveitingum til vegarins á fjárlögum, eftir að vegargerðinni er lokið.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Siglufjarðar. Er þar lagt til, að ríkisstjórninni verði veitt heimild til lántöku, allt að 15 millj. kr., til framkvæmda við Siglufjarðarveg ytri (Strákaveg). Kostnaðarmesta framkvæmdin við vegargerðina er að gera jarðgöng, um 900 metra löng. Til þess þarf stórvirk tæki, og þarf að halda verkinu viðstöðulaust áfram, eftir að það er hafið, en talið er, að unnt sé að ljúka því á einu ári. Lánsfjáröflun er nauðsynleg í því sambandi, þar sem ekki er mögulegt að fá fjárveitingu til verksins í einu lagi.

Vegargerðin er eitt af mestu áhugamálum Siglufjarðinga, enda mjög þýðingarmikil fyrir þá, en jafnframt hagsmunamál Skagfirðinga og fleiri landsmanna. Er brýn þörf að hrinda verkinu í framkvæmd sem allra fyrst.

Frumvarpið er flutt í samráði við Ólaf Jóhannesson, 3. þm. Norðurlandskjördæmis vestra, sem sæti á í efri deild.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta þingi, en hlaut þá ekki afgreiðslu, enda var mjög liðið á þingtímann, þegar það var borið fram. Þá barst Alþingi svo hljóðandi bréf um málið:

„Undirritaðir Siglufjarðingar skora hér með eindregið á hæstvirta ríkisstjórn og Alþingi að tryggja nægjanlegt fé til að ljúka vegarlagningu fyrir fjallið Stráka, ásamt tilheyrandi jarðgöngum, á næstu 1—2 árum, og rjúfa þannig þá einangrun, sem er helzt orsök fólksflóttu úr Siglufirði og háir eðlilegum vexti og samskiptum Siglufjarðarkaupstaðar og sveitanna austast í Skagafirði.“

Undir þetta áskorunarskjal rituðu 785 kjósendur í Siglufjarðarkaupstað.